

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra  
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir  
Skúlagata 4  
101 Reykjavík



Fjármála-, og efnahagsráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Lindagötu, Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2020

**Efni: Breyting á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015 (skilyrði um hámarksaldur og lágmarksfjölda).**

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í lög nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Lögnum var breytt með lögum 10/2020 með ákvæði sem á að koma í veg fyrir niðurfærslu á kílómetramælum bifreiða hjá ökutækjaleigu. Markmiðið með breytingunni er að tryggja öryggi og gæði við eftirmarkaðssölu bílaleigubifreiða. Í umsögn um frumvarp ofangreindra laga lögðu samtökin m.a. áherslu á að skilgreina hámarksaldur bílaleigubifreiða til að mæta kröfum viðskiptavina um gæði og öryggi. Þá hafa samtökin einnig bent á mikilvægi þess að skrá þurfi ákveðinn lágmarksfjölda ökutækja til að hefja starfsemi ökutækjaleigu.

Í ljósi ofangreinds leggja samtökin til eftirfarandi breytingar á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja.

- Við 4 gr. um skilyrði starfsleyfis bætist eftirfarandi töluliður nr. 9 - Hafa að lágmarki 10 bifreiðar til umráðu sem skráðar eru í flokki bílaleigu hjá Samgöngustofu.
- Við 6. gr. um skyldur ökutækjaleigu bætist við eftirfarandi málsgrein: Óheimilt er að leigja bílaleigubifreiðar sem eru eldri en 10 ára. Heimilt er að veita sérstaka undanþágu fyrir bílaleigubifreiðar sem eru leigðar út til fjallaferða og sérstaklega skráðar hjá Samgöngustofu sem sérútbúnaðar bifreiðar.

Ofangreindar tillögur eru lagðar fram með það að markmiði að bæta öryggi og gæði enn frekar hjá ökutækjaleigum hér á landi. Þá er ljóst að kröfur um yngri flota mun koma í veg fyrir að eldri bílaleigubifreiðar verði í umferð sem hefur umhverfisleg jákvæð áhrif þar sem minna er um spilliefni og lægri viðgerðatíðni. Einnig er mikilvægt að benda á að með lægri meðalaldri verður kolefnislosun hjá ökutækjaleigum minni sem hefur áhrif á orkuskipti til framtíðar. Til að ná fram alvöru árangri í orkuskiptum þarf hvata sem gilda fyrir nýjar og nýlegar bílaleigubifreiðar.

Vert er að minnast á að meðalaldur bílaleigubifreiða er tvö til þrjú ár og því almennt ekki um eldri bíla að ræða í rekstrinum. Tillagan sem lögð er fram miða að því að koma í veg fyrir að rekstraraðilar ökutækjaleiga bjóði upp á eldri, óumhverfisvænar, eldsneytisfrekar og óruggar bílaleigubifreiðar.

Samtökin vilja gjarnan eiga fund með ráðherrum til fara yfir efni ofangreindra tillagna.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



*Gunnar Valur Sveinsson*

*Verkefnastjóri*



*Baldur Sigmundsson*

*Lögfræðingur*